

## REGLUR

### um (2.) breytingu á reglum nr. 382/2019 um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur aðstoðar úr ríkissjóði.

#### 1. gr.

2. tl. 3. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Veitt hefur verið dvalarleyfi til bráðabirgða og viðkomandi getur ekki framfleytt sér án aðstoðar. Leggja skal áherslu á að þetta tímabil vari sem styst og viðkomandi sé í virkri atvinnuleit.

#### 2. gr.

3. mgr. fylgiskjals „Viðmið um fjárhagsaðstoð, sbr. 4. gr. reglnanna“ verður svohljóðandi:

Taflan miðast við greiðslur fyrir einn mánuð:

			1. 100%	2. 35%	3. 30%	4. 15%
Einstaklingur	Grunnfjárhæð	x 1,0	179.206 kr.	62.722 kr.	53.762 kr.	26.881 kr.
Tveir í fjölskyldu	"	x 1,6	286.730 kr.	100.355 kr.	86.019 kr.	43.009 kr.
Þrír í fjölskyldu	"	x 1,8	322.571 kr.	112.900 kr.	96.771 kr.	48.386 kr.
Fjórir í fjölskyldu	"	x 2,0	358.412 kr.	125.444 kr.	107.524 kr.	53.762 kr.
Greiðsla á dag fyrir einstakling			5.974 kr.	2.091 kr.	1.792 kr.	896 kr.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, taka þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2020.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

*Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir.*